



# Jarðhitafélag Íslands

---

## Fundargerð aðalfundar

*Haldinn í húsakynnum Landsvirkjunar  
Fimmtudaginn 19. mars 2015, kl. 14:00*

Kristín Vala Matthíasdóttir, formaður félagsins, opnaði fundinn og bauð fundarfólk velkomið. Gengið til dagskrár.

### **1. Kosning fundarstjóra og fundarritara. Samþykkt dagskrár.**

Formaður gerði tillögu um Árna Ragnarsson sem fundarstjóra og Sigurjón Norberg Kjærnested sem fundarritara og var tillagan samþykkt, sem og dagskrá fundarins. Tók Árni við fundarstjórn.

### **2. Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu ári.**

Formaður flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2014-2015.

### **3. Lagður fram endurskoðaður ársreikningur félagsins.**

Fundarstjóri lagði til dagskrárbreytingu að liðir 3. og 5 í dagskrá yrðu teknir saman og að Claus Ballzus gjalkeri JHFÍ sæi um báða þá liði. Var það einróma samþykkt. Claus lagði fram og kynnti endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir árið 2014. Árið 2014 var afgangur af rekstri félagsins sem nam kr. 508.678. Stafar það ekki síst af því að samþykkt styrkveiting til háskólanema fyrir árið kemur til greiðslu á árinu 2015. Eigið fé í árslok 2014 var kr. 3.397.930. Reikningur var samþykktur einróma.

### **4. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.**

Fyrir fundinum lágu engar tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.

### **5. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs til samþykktar. Ákvörðun félagsgjalda.**

Gjaldkeri kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 þar sem gert er ráð fyrir að veltan verði kr. 1.530.000 og tekjur umfram gjöld kr. 20.000. Var fjárhagsáætlunin samþykkt. Þá var samþykkt að félagsgjöld yrðu óbreytt frá fyrra ári, eða kr. 25.000 fyrir lögaðila, kr. 3.000 fyrir einstaklinga, en félagsaðild gjaldfrí fyrir einstaklinga sem náð hafa 67 ára aldri. Loks er félagsgjaldið kr. 1.000 fyrir námsmenn.

### **6. Kosning stjórnar. Ennfremur skulu kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara.**

Á aðalfundi 2014 var Kristín Vala Matthíasdóttir kjörin formaður til tveggja ára. Þá voru einnig kjörin til tveggja ára stjórnarsetu þau Magnús Þór Jónsson, Egill Júlíusson og Sigurjón Norberg Kjærnested. Útrunnið er kjörtímabil þeirra Hildurgunnar H. Thorsteinsson, Claus Ballzus og Magnúsar Ólafssonar. Hildigunnur og Claus gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu en Magnús ekki. Þá gaf kost á sér til stjórnarmennsku Steinunn Hauksdóttir. Önnur framboð til stjórnar bárust ekki á fundinum og voru frambjóðendur kjörnir með lófataki.

Loks voru Benedikt Steingrímsson og Gunnar Ingi Gunnarsson kosnir – með lófataki – til áframhaldandi starfa sem skoðunarmenn reikninga félagsins, sem og Oddur Björnsson sem skoðunarmaður til vara.

## **7. Upplýsingar um inngöngu nýrra félaga.**

Frá síðasta aðalfundi hafa 35 einstaklingar gerst aðilar að félaginu. Þeir eru:

Almar Barja, Háskólanum í Reykjavík.  
Ari Ingimundarson, Mannvit  
Auður Agla Óladóttir, ÍSOR  
Axel Björnsson, professor emeritus  
Birgir Þór Birgisson, Jarðborunum  
Bjarni G. Guðmundsson, Jarðborunum  
Bjarni Richter, ÍSOR  
Björn Már Sveinbjörnsson, Jarðborunum  
Egill Árni Guðnason, ÍSOR  
Eiríkur Hjálmarsson, Orkuveitu Reykjavíkur  
Erna Rós Bragadóttir, Orkustofnun  
Finnbogi Óskarsson, ÍSOR  
Gaetan Sakindi, Háskóla Íslands  
Gunnar Skúlason Kaldal, Háskóla Íslands.  
Gylfi Páll Hersir, ÍSOR  
Helga Margrét Helgadóttir, ÍSOR  
Hjalti Páll Ingólfsson, GEORG  
Ingólfur Örn Þorbjörnsson, ÍSOR  
Kolbrún Ragna Ragnarsdóttir, NMÍ  
Kristinn Rafnsson, Orku Náttúrunnar  
Lárus Þorvaldsson, Háskóla Íslands  
Lilja Magnúsdóttir, ÍSOR  
Marta Rós Karlsdóttir, Orku Náttúrunnar  
Ólafur Pétur Pálsson, Háskóla Íslands  
Ólafur Sverrisson, Jarðborunum  
Ragnheiður Þórarinsdóttir, Háskóla Íslands  
Sigurgeir Björn Geirsson, Landsvirkjun  
Snjólaug Ólafsdóttir, Orku Náttúrunnar  
Snorri Guðbrandsson, Reykjavík Geothermal  
Steinar Már Þórisson, Jarðborunum  
Steinn Ágúst Steinsson, Landsvirkjun  
Sveinbjörn Bjarnason, Jarðborunum  
Tobias Björn Weisenberger, ÍSOR  
Valur Knútsson, Landsvirkjun  
Þorsteinn Egilsson, ÍSOR

ÍSOR bættist við sem nýr félagsaðili á starfsárinu.

## **8. Önnur mál.**

Ekki komu fram önnur mál

Að aðalfundi loknum var vörfundur félagsins haldinn á sama stað, þar sem þema fundarins var: „Erindi Íslendinga á WGC 2015“.

Gögn aðalfundarins og erindi vorfundarins má nálgast á vef félagsins,  
[www.jardhitafelag.is](http://www.jardhitafelag.is).

Aðalfundi var slitið kl. 14:35.

*sign.*

Árni Ragnarsson, fundarstjóri

*sign.*

Sigurjón N. Kjærnested, fundarritari